# Þriðjudagur 12. september



## SJÓNVARPIÐ

17.50 **Múmíndalurinn** (Mumindalen). Finnskur teiknimyndaflokkur, gerður eftir sögu Tove Janson. Þýðandi Kristín Mäntylä. Sögumaður Helga Jónsdóttir. (Nordvision – finnska sjónvarpið.)
18.15 **Kalli kanína** (Kalle kanins æventyr). Finnskur teiknimyndaflokkur. Þýðandi Trausti Júlíusson. Sögumaður Elfa Björk Ellertsdóttir. (Nordvision – finnska sjónvarpið.)
18.20 **Hrappur og Hnappur.** Bandarísk teiknimynd. Þýðandi Ásthildur Sveinsdóttir. Sögumaður Halldór Björnsson.
18.50 **Táknmálsfréttir.**
18.55 **Fagri-Blakkur** (Black Beauty). Breskur framhaldsmyndaflokkur. Þýðandi Jóhanna Jóhannsdóttir.
19.20 **Barði Hamar** (Sledgehammer). Bandarískur gamanmyndaflokkur. Þýðandi Guðni Kolbeinsson.
20.00 **Fréttir og veður.**
20.30 **Gyðingar á Íslandi.** Ný íslensk heimildamynd um flóttamenn af gyðingaættum á Íslandi á fjórða áratugnum. Rætt er við systkinin Olgu Rottberger og Hans Mann en þau flýðu undan ofsóknum nasista til Íslands árið 1935. Umsjón Einar Heimisson.
21.15 **Eyðing** (Wipe Out) – fjórði þáttur. Breskur spennumyndaflokkur í fimm þáttum. Þýðandi Gauti Kristmannsson.
22.05 **Stefnan til styrjaldar** (The Road to War) – annar þáttur – Bretland. Breskur heimildarmyndaflokkur í átta þáttum um heimsstyrjöldina síðari og aðdraganda hennar. Þýðandi og þulur Gylfi Pálsson.
23.00 **Seinni fréttir og dagskrárlok.**

## STÖÐ 2

16.45 **Santa Barbara.**
17.30 **Bylmingur.**
18.00 **Elsku Hobo.** Framhaldsmynd fyrir unga sem aldna um stóra, fallega hundinn Hobo og ævintýri hans.
18.30 **Íslandsmótið í knattspyrnu.** Umsjón: Heimir Karlsson.
19.19 **19:19.** Fréttir og fréttaumfjöllun, íþróttir og veður ásamt fréttatengdum innslögum.
20.00 **Alf á Melmac.** Teiknimynd um Alf á plánetunni sinni Melmac.
20.30 **Visa-sport.** Svipmyndir frá öllum heimshornum í léttblönduðum tón.
21.30 **Óvænt endalok.** Tales of the Unexpected. **Sorglegur missir.** Það stefnir allt í gjaldþrot þegar nýr ættingi kemur fram á sjónarsviðið. Hvernig á Claire nú að bjarga hótelinu sínu frá gjaldþroti? Aðalhlutverk: Haylay Milles, Phyllida Law, Stuart Wilson og Sally Bowers.
22.00 **Fordómar.** Prejudice. Fordómar birtast í ýmsum myndum meðal okkar en í þessari mynd verða sagðar tvær aðskildar sögur um konur sem hafa mátt þola takmarkalausa fordóma í starfi sínu. Annars vegar er sagt frá ljósmyndara sem verður fyrst kvenna til þess að hljóta almenna viðurkenningu fyrir störf sín. Síðari myndin fjallar um hjúkrunarfræðing frá Filippseyjum sem starfar á bandarísku sjúkrahúsi. Aðalhlutverk: Patsy Stephen og Grace Parr.
23.30 **Aprílgabb.** April Fool's Day. Ung stúlka býður nokkrum skólasystkinum sínum til dvalar á heimili foreldra sinna á afskekktri eyju. Allt gengur snurðulaust fyrir sig fyrsta kvöldið en morguninn eftir vantar eitt ungmennið. Aðalhlutverk: Jay Baker, Deborah Foreman, Deborah Goodrich og Ken Olandt. Stranglega bönnuð börnum.
0.55 **Dagskrárlok.**

## Rás I FM 92,4/93,5

6.45 **Veðurfregnir.** Bæn, séra Örn Bárður Jónsson flytur.
7.00 **Fréttir.**
7.03 **Í morgunsárið** með Randveri Þorlákssyni. Fréttayfirlit kl. 7.30 og 8.30, fréttir kl. 8.00 og veðurfregnir kl. 8.15. Lesið úr forustugreinum dagblaðanna að loknu fréttayfirliti kl. 8.30.
9.00 **Fréttir.**
9.03 **Litli barnatíminn:** Júlíus Blom veit sínu viti eftir Bo Carpelan. Gunnar Stefánsson les þýðingu sína (11). (Einnig útvarpað um kvöldið kl. 20.00.)
9.20 **Morgunleikfimi** með Halldóru Björnsdóttur.
9.30 **Landpósturinn** – Frá Vestfjörðum. Umsjón Finnbogi Hermannsson.
10.00 **Fréttir.** Tilkynningar.
10.10 **Veðurfregnir.**
10.30 **Ég man þá tíð.** Hermann Ragnar Stefánsson kynnir lög frá liðnum árum.
11.00 **Fréttir.**
11.03 **Samhljómur.** Umsjón: Hanna G. Sigurðardóttir. (Einnig útvarpað að loknum fréttum á miðnætti.)
12.00 **Fréttayfirlit.** Tilkynningar.
12.20 **Hádegisfréttir.**
12.45 **Veðurfregnir.** Tilkynningar. Tónlist.
13.05 **Í dagsins önn** – Hinn innri eldur. Síðari þáttur um makróbíótískt fæði. Umsjón: Sverrir Guðjónsson.
13.35 **Miðdegissagan:** Ein á ferð og með öðrum eftir Mörthu Gellhorn. Anna María Þórisdóttir þýddi. Sigrún Björnsdóttir les (15).
14.00 **Fréttir.** Tilkynningar.
14.05 **Eftirlætislögin.** Svanhildur Jakobsdóttir spjallar við Tómas A. Tómasson veitingamann sem velur eftirlætislögin sín. (Einnig útvarpað aðfaranótt sunnudags að loknum fréttum kl. 2.00.)
15.00 **Fréttir.**
15.03 **Með múrskeið að vopni.** Fylgst með fornleifauppgrefti á Stóru-Borg undir Eyjafjöllum. Síðari hluti. Umsjón: Steinunn Harðardóttir. (Endurtekinn þáttur frá sunnudegi.)
16.00 **Fréttir.**
16.03 **Dagbókin.** Dagskrá.
16.15 **Veðurfregnir.**
16.20 **Barnaútvarpið** – Heimsókn á barnadeildir sjúkrahúsanna. Umsjón Sigríður Arnardóttir.
17.00 **Fréttir.**
17.03 **Tónlist á síðdegi eftir Béla Bartók.**
18.00 **Fréttir.**
18.03 **Að utan.** Fréttaþáttur um erlend málefni. (Einnig útvarpað að loknum fréttum kl. 22.07.)
18.10 **Á vettvangi.** Umsjón Páll Heiðar Jónsson og Bjarni Sigtryggsson. (Einnig útvarpað í næturútvarpi kl. 4.40.) Tónlist. Tilkynningar.
18.45 **Veðurfregnir.** Tilkynningar.
19.00 **Kvöldfréttir.**
19.30 **Tilkynningar.**
19.32 **Kviksjá.** Umsjón Ragnheiður Gyða Jónsdóttir og Þorgeir Ólafsson.
20.00 **Litli barnatíminn:** Júlíus Blom veit sínu viti eftir Bo Carpelan. Gunnar Stefánsson les þýðingu sína (11). (Endurtekinn frá morgni.)
20.15 **Söngur og píanó** – Loewe og Brahms.
21.00 **Að eldast.** Umsjón Margrét Thorarensen og Valgerður Benediktsdóttir. (Endurtekinn úr þáttaröðinni Í dagsins önn frá 28. f.m.)
21.30 **Útvarpssagan:** Vörnin eftir Vladimir Nabokov. Illugi Jökulsson les þýðingu sína (12).
22.00 **Fréttir.**
22.07 **Að utan.** Fréttaþáttur um erlend málefni. (Endurtekinn frá sama degi.)
22.15 **Veðurfregnir.** Orð kvöldsins. Dagskrá morgundagsins.
22.30 **Leikrit vikunnar:** Eitur og rýtingur eftir Eric Saward. Þýðendur Bergljót og María Kristjánsdætur. Leikstjóri Hávar Sigurjónsson. Leikendur: Sigurður Karlsson, Árni Pétur Guðjónsson, Guðmundur Ólafsson, Ævar R. Kvaran og Vilborg Halldórsdóttir. (Einnig útvarpað á fimmtudag kl. 15.03.)
23.15 **Tónskáldatími.** Guðmundur Emilsson kynnir íslensk samtímatónverk.
24.00 **Fréttir.**
00.10 **Samhljómur.** Umsjón Hanna G. Sigurðardóttir. (Endurtekinn frá morgni.)
01.00 **Veðurfregnir.**
01.10 **Næturútvarp á báðum rásum til morguns.**

## RÁS 2 FM 90,1

7.03 **Morgunútvarpið:** Vaknið til lífsins! Leifur Hauksson og Jón Ársæll Þórðarson hefja daginn með hlustendum. Fréttir kl. 8.00, veðurfregnir kl. 8.15 og leiðarar dagblaðanna kl. 8.30.
9.03 **Morgunsyrpa.** Eva Ásrún Albertsdóttir. Neytendahorn kl. 10.05. Afmæliskveðjur kl. 10.30 Þarfaþing með Jóhönnu Harðardóttur kl. 11.03. Gluggað í heimsblöðin kl. 11.55.
12.00 **Fréttayfirlit.** Auglýsingar.
12.20 **Hádegisfréttir.**
12.45 **Umhverfis landið á áttatíu** með Margréti Blöndal sem leikur þrautreynda gullaldartónlist.
14.03 **Milli mála.** Magnús Einarsson á útkíkki og leikur nýju lögin.
16.03 **Dagskrá.** Dægurmálaútvarp. Stefán Jón Hafstein, Guðrún Gunnarsdóttir, Lísa Pálsdóttir og Sigurður G. Tómasson. – Kaffispjall og innlit upp úr kl. 16.00. – Auður Haralds talar frá Róm. – Stórmál dagsins á sjötta tímanum.
18.03 **Þjóðarsálin,** þjóðfundur í beinni útsendingu, sími 38500.
18.30 **Íþróttarásin** – Fyrsta umferð Evrópukeppninnar í knattspyrnu. Lýst síðari hálfleik Akurnesinga og FC Liege í Evrópukeppni félagsliða.
19.32 **Áfram Ísland.** Dægurlög með íslenskum flytjendum.
20.30 **Útvarp unga fólksins.** Við hljóðnemann eru Sigrún Sigurðardóttir og Oddný Eir Ævarsdóttir.
22.07 **Bláar nótur.** Pétur Grétarsson kynnir djass og blús.
01.00 **Næturútvarp á báðum rásum til morguns.** Fréttir kl. 7.00, 7.30, 8.00, 8.30, 9.00, 10.00, 11.00, 12.00, 12.20, 14.00, 15.00, 16.00, 17.00, 18.00, 19.00, 22.00 og 24.00.

### NÆTURÚTVARP

01.00 **Blítt og létt ...** Ólafur Þórðarson. (Einnig útvarpað í bítið kl. 6.01.)
02.00 **Fréttir.**
02.05 **Ljúflingslög.** Endurtekinn þáttur frá föstudegi á rás 1 í umsjá Svanhildar Jakobsdóttur.
03.00 **Næturnótur.**
04.00 **Fréttir.**
04.05 **Glefsur.** Úr dægurmálaútvarpi þriðjudagsins.
04.30 **Veðurfregnir.**
04.40 **Á vettvangi.** Umsjón Páll Heiðar Jónsson og Bjarni Sigtryggsson. (Endurtekinn þáttur frá rás 1 kl. 18.10.)
05.00 **Fréttir af veðri og flugsamgöngum.**
05.01 **Áfram Ísland.** Dægurlög með íslenskum flytjendum.
06.00 **Fréttir af veðri og flugsamgöngum.**
06.01 **Blítt og létt ...** Endurtekinn sjómannaþáttur Ólafs Þórðarsonar á nýrri vakt. Svæðisútvarp Norðurlands kl. 8.10–8.30 og 18.03–19.00.

## FM 98,9 BYLGJAN

7.00 **Páll Þorsteinsson** Morgunþáttur athafnafólks sem vill hafa fréttirnar á hreinu áður en það fer í vinnuna.
10.00 **Valdís Gunnarsdóttir.** Gömlu lögin, sem þú varst búin að gleyma, heyrirðu hjá Valdísi.
14.00 **Bjarni Ólafur Guðmundsson.** Hér er allt á sínum stað, óskalögin og afmæliskveðjur allan daginn.
17.00 – **Reykjavík síðdegis.** Í þessum þætti nær þjóðmálaumræðan hámarki með hjálp hlustenda. Síminn í **Reykjavík síðdegis er 61-11-11.**
19.00 **Snjólfur Teitsson.** Þægileg og ókynnt tónlist í klukkustund.
20.00 **Þorsteinn Ásgeirsson.** Strákurinn er kominn í stuttbuxur og er í stöðugu sambandi við **íþróttadeildina** þegar við á.
24.00 **Næturvakt Bylgjunnar.**
Fréttir á Bylgjunni kl. 8, 9, 10, 11, 12, 13, 14, 15, 16, 17 og 18.

## Stjarnan FM 102,2 & 104

7.00 **Þorgeir Ástvaldsson** morgunhress í meira lagi, góð tónlist sem kemur öllum í gott skap. **Þú finnur fréttirnar kl. 8 og 10. Stjörnuskot kl. 9 og 11.**
9.00 **Gunnlaugur Helgason.** Léttleiki og ný tónlist, leikir, hádegisverðarpottur **Stjörnunnar og Hard Rock,** Bibba á sínum stað og margt fleira. Um að gera að fylgjast með. **Stjörnuskot kl. 9, 11 og 13. Fréttir kl. 12 og 14.**
14.00 **Margrét Hrafnsdóttir.** Lögin við vinnuna. Stjörnuskáldið valið kl. 16.30. Eftir sex-fréttir geta hlustendur talað út um hvað sem er í 30 sekúndur. Síminn er **68-19-00. Fréttir kl. 16 og 18. Stjörnuskot kl. 15 og 17.**
19.00 **Kristófer Helgason.** Maður unga fólksins með ný lög úr öllum áttum. Óskalög er hægt að hringja inn í gegnum **681900.**
20.00 **Gunnlaugur Helgason.** Bandaríski, breski og evrópski vinsældalistarnir kynntir.
24.00 **Næturvakt Stjörnunnar.**

## ÚTRÁS FM 104,8

16.00 **MH.**
18.00 **FB.**
20.00 **IR.**
22.00 **MS.**
1.00 **Dagskrárlok.**

## EFF EMM 95,7

7.00 **Hörður Arnarson.**
9.00 **Sigurður Gröndal og Richard Scobie.**
11.00 **Steingrímur Ólafsson.**
13.00 **Hörður Arnarson.**
15.00 **Sigurður Gröndal og Richard Scobie.**
17.00 **Steingrímur Ólafsson.**
19.00 **Anna Þorláks.**
22.00 **Þorsteinn Högni Gunnarsson.**
1.00– 7 **Páll Sævar Guðnason.**

## Rót ÚTVARP FM 106,8

9.00 **Rótartónar.**
13.30 **Kvennaútvarpið.** E.
14.30 **Í hreinskilni sagt.** E.
16.00 **Búseti.** E.
17.00 **Samtök græningja.**
17.30 **Mormónar.**
18.00 **Tilraun.** Sara, Kata og Sara leika af fingrum fram á grammófón.
19.00 **Yfir höfuð.** Valgeir Sævarsson leikur tónlist.
20.00 **Það erum við!** Kalli og Kalli.
21.00 **Heitt kakó.** Árni Kristinsson.
22.00 **Við við viðtækið.** Tónlistarþáttur í umsjá Gunnars L. Hjálmarssonar og Jóhanns Eiríkssonar.
23.30 **Rótardraugar.** Lesnar draugasögur fyrir háttinn.
24.00 **Næturvakt.** (Hvað með það?) Árni Jónsson og Björn Steinberg Kristinsson.

## SKY CHANNEL

4.30 **Viðskiptaþáttur.**
5.00 **The DJ Kat Show.** Barnaþáttur.
7.30 **Panel Pot Pourri.** Spurningaþáttur.
9.00 **The Sullivans.** Framhaldsþáttur.
9.30 **Sky by Day.** Fréttaþáttur.
10.30 **A Problem Shared.** Fræðsluþáttur.
11.00 **Another World.** Framhaldsflokkur.
11.55 **General Hospital.** Framhaldsflokkur.
12.50 **As the Worlds Turns.** Sápuópera.
13.45 **Loving.**
14.15 **Young Doctors** Framhaldsflokkur.
15.00 **Poppþáttur.**
16.00 **Sky Star Search.** Hæfileikakeppni.
17.00 **The New Price is Right.**
17.30 **Sale of the Century.** Spurningaleikur.
18.00 **Veröld Frank Boughs.** Fræðslumyndaflokkur.
19.00 **Kvikmynd.**
21.00 **Jameson Tonight.** Rabbþáttur.
22.00 **Fréttir.**
22.30 **The Untouchables.** Spennumyndaflokkur.
23.30 **Popptónlist.**

## SKY MOVIES

13.00 **Silence.**
14.30 **Aesop's Fables.**
15.00 **Monkey Buisness.**
17.00 **Little Girl Lost.**
19.00 **Hope and Glory.**
21.00 **Money Movers.**
22.45 **Gimme an 'F.**
00.30 **The Hitchhiker.**
01.00 **Tuxedo Warrior.**
03.00 **Hope and Glory.**

## EUROSPORT

9.00 **International Motor Sports.** Fréttatengdur þáttur um kappakstur.
10.00 **Siglingar.**
11.00 **Golf.** St. Mellion áskorandamótið í Cornwall.
12.00 **Hnefaleikar.**
13.00 **Eurosport – What a Week!** Litið á viðburði liðinnar viku.
14.00 **Blak.** Evrópukeppni kvenna í Hamborg.
15.00 **Frjálsar íþróttir.** Stórmót í Barcalona.
16.00 **Eurosport – What a Week!** Litið á viðburði liðinnar viku.
17.00 **Frjálsar íþróttir.** Stórmót í Barcelona.
18.00 **Þriggja daga keppnin.**
19.00 **Golf.** Opna evrópska mótið í Tadworth.
20.00 **Kappakstur.** Formula 1 keppni á Ítalíu.
21.00 **Knattspyrna.** Leikir í Evrópu.
22.00 **Fimmtarþraut.** Heimsmeistarakeppni í Budapest
23.00 **Hjólreiðar.** The European Community Tour.

## SUPER CHANNEL

13.30 **Nino Firetto.** Tónlistarþáttur.
14.30 **On the Air.** Tónlist.
16.30 **The Rock of Europe.** Tónlist.
17.30 **The Lloyd Bridges Show.**
18.00 **Íþróttir.** Snóker.
19.50 **Fréttir og veður.**
20.00 **Íþróttir.** Körfubolti.
21.00 **Poppþáttur.**
22.00 **Fréttir, veður og popptónlist.**

### Rás 1 kl. 22.30:

# Eitur og rýtingur

Leikrit vikunnar að þessu sinni er breska sakamálaleikritið Eitur og rýtingur eftir Erich Saward í þýðingu Bergljótar og Maríu Kristjánsdætra.



**Ævar R. Kvaran er meðal leikenda í leikriti vikunnar.**

Leikritið gerist á Indlandi. Ung kona hittir aldinn sagnaþul sem segir henni sögu af Englendingi sem stuttu áður hafði orðið indverskum manni að bana. Hlustendur fá að skyggnast bak við tjöldin og fá að vita hvað olli þessu voðaverki.

Leikendur eru Ævar R. Kvaran, Sigurður Karlsson, Guðmundur Ólafsson, Árni Pétur Guðjónsson og Vilborg Halldórsdóttir en tæknimaður var Vigfús Ingvarsson. Fyrir unnendur útvarpsleikrita er rétt að geta þess að leikritið verður endurflutt á fimmtudaginn kl. 15.03.

-Pá



**Fordómar gagnvart konum eru viðfangsefni myndarinnar á Stöð 2.**

### Stöð 2 kl. 22.00:

# Fordómar

Fordómar birtast víða í kringum okkur og í þessari mynd verða sagðar tvær aðskildar sögur tveggja kvenna sem hafa mátt þola takmarkalausa fordóma í starfi sínu.

Annars vegar er greint frá ljósmyndara sem verður fyrst kynsystra sinna til þess að öðlast viðurkenningu fyrir störf sín í Bandaríkjunum. Starfsbræður hennar bregðast illa við og reyna hvað þeir geta til þess að brjóta hana niður.

Hin sagan fjallar um hjúkrunarfræðing frá Filippseyjum sem starfar á bandarísku sjúkrahúsi. Hæfileikar hennar eru vanmetnir og hún mætir mikilli andúð meðal sjúklinganna. Um þverbak keyrir þegar henni er synjað um stöðuhækkun.

Aðalhlutverk leika Patsy Stephen og Grace Parr en leikstjóri er Ian Munro.

-Pá

### Sjónvarp kl. 20.30:

# Gyðingar á Íslandi

Heimildarkvikmynd sem Ríkissjónvarpið hefur látið gera og fjallar um flóttamenn af gyðingaættum á Íslandi á fjórða áratugnum. Umsjónarmaður þáttarins er Einar Heimisson en stjórn upptöku annaðist Birna Ósk Björnsdóttir.

Í þættinum er fjallað um afstöðu íslenskra stjórnvalda og almennings til flóttamanna af þessum toga en 10 til 15 þeirra var vísað úr landi. Birt verða skjöl sem varpa ljósi á þetta mál og sýndar samtímakvikmyndir bæði innlendar og erlendar. Þá verður og rætt við systkinin Olgu Rottberger og Hans Mann en Olgu var vísað úr landi og hún flutt nauðug um borð í skip ásamt tveimur börnum sínum. Þeim tókst um síðir að fá hæli í Danmörku og sluppu þannig við að hljóta sömu örlög og aðrir gyðingar sem ógnarstjórn þýskra nasista kom höndum yfir.



**Olgu Rottberger var vísað frá Íslandi á fjórða áratugnum vegna þess að hún var af gyðingaættum.**

-Pá